

**Aðalfundur Upplýsingar
2. maí 2014**

Fundarstaður: Verkís, Ofanleiti 2 (1. hæð), 103 Reykjavík.
Fundarstjóri: Óskar Þór Þráinsson
Fundarritari: Rósa Bjarnadóttir
Mættir voru 22 félagar.

Upplýsing boðaði þann 14. apríl 2014 til aðalfundar félagsins föstudaginn 2. maí 2014 en til aðalfundar skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara samkvæmt 8. grein laga félagsins.

Dagskrá:

Margrét Sigurgeirsdóttir formaður Upplýsingar setti fundinn klukkan 16:35 og tilnefndi Óskar Þór Þráinsson sem fundarstjóra og Rósu Bjarnadóttur sem fundarritara og voru tilnefningarnar samþykktar.

a) Skýrsla stjórnar.

Margrét Sigurgeirsdóttir formaður gerði grein fyrir skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2013-14. Fram kom að varamaður kom inn í stjórn þegar varaformaður sagði sig úr stjórn í október 2013 og að þrír stjórnarmenn munu ganga úr stjórn á þessum aðalfundi. Haldnir voru 12 stjórnarfundir á starfsárinu. Félagar í Upplýsingu eru um það bil 500 og þar af 54 stofnanir.

Að lokum þakkaði formaður stjórninni og öðrum þeim sem lagt hafa að mörkum vinnu fyrir Upplýsingu fyrir þeirra framlag. Fram kom í máli formanns að leiðir hafi verið skoðaðar til að léttu álag á stjórnarmeðlimum án þess að það bitnaði á starfi félagsins og jafnframt að um væri að ræða skemmtilegt og krefjandi starf.

Skýrsla stjórnar: Samþykkt.

b) Skýrslur hópa og nefnda.

Í ársskýrslu stjórnar Upplýsingar fyrir starfsárið 2013-2014 er gerð grein fyrir starfi hópa og nefnda og gerði formaður grein fyrir starfsemi hópa og nefnda í umfjöllun um skýrslu stjórnar.

Skýrslur hópa og nefnda: Samþykktar.

c) Reikningar félagsins.

Samþykktir reikningar félagsins liggja ekki fyrir og því er umræðu um reikningana frestað til auka aðalfundar sem boðað verður til síðar.

d) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.

Umræðu um fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs er frestað til auka aðalfundar.

e) Árgjald.

Í skýrslu stjórnar koma fram upplýsingar um árgjöld félagsins:

Almennir félagar greiða kr. 7000,-.

Stofnanir greiða kr. 14.000,-.

Nemar í bókasafns- og upplýsingafræði greiða kr. 3.500,-.

Heiðursfélagar greiða ekki árgjald.

Eldri félagar geta sótt um að greiða hálf árgjald.

Árgjald: Samþykkt.

f) Lagabreytingar.

Engar tillögur bárust um lagabreytingar.

g) Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5 gr. – kosning til tveggja ára í senn.

Úr stjórn ganga: Margrét Sigurgeirsdóttir formaður, Sigrún Guðnadóttir meðstjórnandi og Hrafnhildur Hreinsdóttir varaformaður.

Í stjórn buðu sig fram:

Jóna Guðmundsdóttir Bókasafni Mosfellsbæjar,

Helga Halldórsdóttir Nýsköpunarmiðstöð,

Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir Bókasafni Flensborgarskóla.

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir bauð sig fram sem formaður.

Stjórn Upplýsingar starfsárið 2014-15:

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir formaður

Rósa Bjarnadóttir

Jóna Guðmundsdóttir

Helga Halldórsdóttir

Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir

Kosning stjórnar: Samþykkt.

Varamenn í stjórn: Engar breytingar frá fyrra ári.

Varamenn:

Hrafn Malmquist

Hrafnhildur Hreinsdóttir

h) Kosning skoðunarmanna reikninga.

Engar breytingar frá fyrra ári:

Skoðunarmenn reikninga:

Anna Jóna Lýðsdóttir

Gunnhildur Björnsdóttir

Margrét Guðmundsdóttir

i) Kosning í fastanefndir Upplýsingar – kosning til tveggja ára í senn.

Fræðslu- og skemmtinefnd:

Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir gengur úr nefndinni.

Jurate Akuceviciute bauð sig fram.

Fræðslu- og skemmtinefnd:

Kristjana Mjöll J. Hjörvar

Magný Rós Sigurðardóttir

Jurate Akuceviciute

Útgáfunefnd:

Helgi Sigurbjörnsson gengur úr nefndinni.

María Bjarkadóttir bauð sig fram.

Útgáfunefnd:

Anna María Sverrisdóttir formaður

Brynhildur Jónsdóttir

Erlendur Már Antonsson

María Bjarkadóttir

Ólína Rakel Þorvarðardóttir

Aðrar nefndir óbreyttar frá fyrra ári.

Kosning fastanefnda: Samþykkt.

j) Önnur mál.

Marta Hildur Richter formaður stjórnar Þjónustumiðstöðvar bókasafna gerði grein fyrir starfsemi Þjónustumiðstöðvar bókasafna.

Fram kom að Þjónustumiðstöð bókasafna hafi hafnað beiðni námsbrautar í upplýsingafræði í Háskóla Íslands um fjármögnun á stöðu lektors við brautina á þeirri forsendu að slíkt samræmist ekki skipulagsskrá Þjónustumiðstöðvarinnar um ráðstöfun á hagnaði.

Einnig kom fram í máli Mörtu að stjórnarmenn í Upplýsingu hefðu sent stjórn Þjónustumiðstöðvar bókasafna erindi með tillögum um breytingar á skipulagsskrá Þjónustumiðstöðvar bókasafna. Stjórn Þjónustumiðstöðvar telur að slíkar breytingar séu grundvallarbreytingar sem efast er um að séu spor í rétta átt. Stjórnin hefur hafið undirbúning að endurskoðun skipulagsskrár stofnunarinnar og hefur lagt til að stofnuð verði nefnd um endurskoðun skipulagsskrárinnar og býður Upplýsingu að skipa fulltrúa í nefndina þar sem æskilegt sé að samræða eigi sér stað um breytingar.

Fyrir hönd stjórnar Þjónustumiðstöðvar bókasafna óskaði Marta eftir frekari kynningu á breytingartillögunum og ástæðu þess að þær eru lagðar fram.

Margrét Sigurgeirsdóttir formaður Upplýsingar tók til máls og greindi frá því að Upplýsing sé meðal stofnaðila í Þjónustumiðstöð bókasafna og stjórn Upplýsingar telji að þörf sé á endurskoðun skipulagsskrár Þjónustumiðstöðvar. Hún greindi jafnframt frá því að hópurinn sem stóð að tillögum um breytingar á skipulagsskránni dragi þær til baka eftir fram komið tilboð um að Upplýsing skipi fulltrúa í nefnd um endurskoðun skipulagsskrárinnar.

Stjórn Upplýsingar fagnar samræðu um skipulagsskrána og þiggur boð um að skipa fulltrúa í nefnd um endurskoðun hennar þar sem Upplýsing sé meðal stofnaðila Þjónustumiðstöðvar bókasafna.

Nýr heiðursfélagi Upplýsingar:

Hulda Björk Þorkelsdóttir.

Margrét Sigurgeirsdóttir formaður skýrði frá því að óskað hefði verið eftir tilnefningum um nýjan heiðursféлага Upplýsingar. Hulda Björk Þorkelsdóttir hlaut flestar tilnefningar en hún hefur starfað í nefndum og hópum Upplýsingar og lagt félaginu sem og bókasafns- og upplýsingafræðum ötullt lið.

Hulda Björk ávarpaði fundinn og þakkaði fyrir sig.

Í lok fundar var ný stjórn kynnt, fráfarandi stjórnarmönnum þakkað sem og Önnu Magnúsdóttur bókasafns- og upplýsingafræðingi Verkís þakkað fyrir aðstöðuna og veitta aðstoð og fundi slitið klukkan 17:14.

Eftir fundinn bauð Upplýsing fundarmönnum upp á léttar veitingar en einnig gafst fundarmönnum kostur á að skoða húsakynni Verkís.